



Fjölbrautaskóli
Suðurlands
Haustönn 2024

VINH3SH10

Vinnustaðanám í hestamennsku – seinni hluti

Kennari:	Áslaug Fjóla Guðmundsdóttir	Sk. st.	ÁFG
Netfang:	aslaug@fsu.is		

Áfangalýsing:

Í áfanganum fer fram kynning og verkleg þjálfun á ýmsum störfum í hestamennsku. Meginviðfangsefni áfangans er að nemandinn fái að aðstoða við og framkvæma helstu verk sem unnin eru varðandi hrossahald starfsnámsstaðarins og auki þar með þekkingu sína, verkfærni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Fái innsýn í í stjórn og rekstur tamningastöðvar/hrossabús/hestatengds ferðaþjónustufyrirtækis svo og þjálfun í mannlegum samskiptum. Fylgist með beitarástandi lands sem og kanni þjálfunarástand hesta. Nemandinn heldur dagbók yfir allt tímabilið þar sem koma fram lýsingar á daglegri vinnu auk lista yfir unnar klukkustundir. Einnig þarf hann að skrifa verklýsingar á verkþáttum starfsnámsins og gera þjálfunarplan fyrir a.m.k. 1 hest. Lögð er áhersla á það að nemandi fái tækifæri til að taka þátt í helstu verkum starfsnámsstaðarins og fái að grunnþjálfna hesta og fylgja eftir markvisst a.m.k. einum hesti. Fyrir þann hest er gerð þjálfunaráætlun og lagt mat á árangur við lok starfsnáms. Starfsþjálfunin fer fram að sumri. Það þarf að skila minnst 240 klukkustundum á ekki skemmri tíma en 6 vikum til að uppfylla skilyrði áfangans. Vinnutíminn skal falla að því starfi sem fram fer á starfsnámsstaðnum. Nemandi finnur sér sjálfur starfsnámsstað og umsjónarmann, sem verkefnisstjóri skólans þarf að samþykkja áður en starfsnám hefst. Hlutverk umsjónarmanns er að stjórna starfsnáminu á staðnum, kenna nemandanum og meta framvindu námsins.

Undanfari: HEST2KF03, REIM2KF05, FÓHE1GR03, FÓHE2HU03, VINU3SH02. Unnt er að taka starfsnámsáfangana, VINH2FH10 og VINH3SH10, hvern á fætur öðrum að uppfylltum skilyrðum undanfara.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Viðteknum starfsaðferðum og vinnulagi sem nýst getur í hestamennsku
- Starfs- og ábyrgðarsviði starfsnema
- Mismunandi vinnuaðferðir og nálgun við þjálfun hesta
- Helstu þjálfunaraðferðum
- Kostum og göllum mismunandi vinnuaðferða
- Mati á tamningu og þjálfunarstigi hrossa.
- Mati á beitilandi fyrir hross.
- Markmiðasetningu í hestamennsku

- Þjálfunaráætlunum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Tileinka sér viðeigandi vinnubrögð á starfsnámsstað
- Leggja rétt mat á einfaldar aðstæður og taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi verklag.
- Geta unnið sjálfstætt og af fagmennsku við afmörkuð verkefni
- Þekkja kosti og galla ólíkra vinnuaðferða
- Meta beutiland fyrir hross
- Meta þjálfunarástand hrossa
- Vinna markvisst og búa til þjálfunaráætlun

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sinna helstu verkefnum, verkþáttum og vinnubrögðum starfsnámsstaðarins
- sinna grunnþáttum er lúta hirðingu og aðbúnaði hesta
- aðstoða við faglega þjálfun hests
- geta brugðist rétt við algengustu óhöppum sem upp koma við ástundun hestamennsku
- nota mismunandi vinnuaðferðir og nálgun við þjálfun hesta
- meta þjálfunarástand hrossa á þartilgerðum matsblöðum
- sýna frumkvæði og fagmennsku við ólík úrlausnarefni á starfsnámsstaðnum
- setja sér markmið í hestamennsku og vinna kerfisbundið samkvæmt þeim
- hafa gott vald á eigin líkama, ásetu og stjórnun á hestbaki og nálgast fag sitt af ábyrgð og virðingu.
- nýta sér búnað og aðstöðu og fjölbreyttar aðferðir til að hámarka góðan árangur við þjálfun hests.
- grunnþjálfna hest á líkamlegum og andlegum forsendum hestsins, með tilliti til jafnvægis og góðs forms.
- setja upp skynsamlegar aðstæður við þjálfun hests og leggja mat á árangur.
- greina þjálfunarstig hesta og setja fram einfaldar þjálfunaráætlanir og fylgja þeim.
- nýta sér flestar fimíufingar rétt við þjálfun þegar við á.
- þjálfna markvisst og geta bætt allar grunngangtegundir auks tölts.
 - greina og bregðast á viðeigandi hátt við helstu sjúkdómum/vanheilsu hrossa.
 - greina rétta og góða járningu fótstöðu.

Nemandi útvegar sér sjálfur starfsnámsstað og umsjónarmann, sem verkefnisstjóri skólans þarf að samþykkja áður en starfsnám hefst.

Til þess að standast áfangann þarf nemandinn að uppfylla tímafjölda og leysa þau verkefni sem tekin eru fram í ferillbók yfir starfsnámið og skila kennaranum rétt útfyllt ferillbók í lok vinnustaðanáms.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

